

Þriðjudaginn 10. mars 1992.

Nr. 137/1990. **Þorleifur Guðmundsson**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

Guðmundi G. Einarssyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómannalög. Starfslok. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1990. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og þess, að stefndi verður dæmdur til að greiða sér 90.397 krónur ásamt dráttarvöxtum. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda 17.658 krónur með vöxtum, eins og í héraðsdómi segir. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Hér fyrir dómi er ekki vefengd sú fullyrðing stefnda, að hann hafi verið ráðinn ótímabundið í skiprúm hjá áfrýjanda.

Ósannað er, að áfrýjandi hafi vikið stefnda úr skiprúmi í símtali, er þeir áttu 21. eða 22. maí 1987. Hins vegar er ljóst, að ágreiningur var með aðilum eftir það símtal. Þeir virðast ekki hafa rætt saman aftur. Eiginkona áfrýjanda átti símtal við stefnda að kvöldi sama dags. Hún tjáði honum þá, að báturinn kæmi af veiðum 24. eða 25. maí, og bað hann að koma þá á fund áfrýjanda. Ætla verður, að þetta hafi verið gert í samráði við áfrýjanda. Stefndi lét í ljós þá ósk í símtali þessu, að áfrýjandi talaði við hann sjálfur. Af því varð ekki, og var ekki frekar eftir því leitað af hálfu áfrýjanda, að stefndi kæmi til starfa. Stefndi bauð sig ekki fram til starfa, eftir að hann var gróinn af sári sínu. Ekki er fram komið, hvenær Jóhann Ólafsson tók að sér að vera vélstjóri á báti áfrýjanda út vertíðina. Um þetta atriði hefur verið lögð fram yfirlýsing

frá Jóhanni, sem dagsett er 23. febrúar 1990, en þá hafði dómur gengið í héraði. Í lok hennar kemur fram, að hún sé samin af þáverandi lögmanni áfrýjanda eftir símtali þeirra. Í yfirlýsingunni segir, að Jóhann hafi einungis verið ráðinn til starfa, meðan stefndi væri forfallaður, en síðan hafi hann starfað út veiðitímann, þar sem stefndi hafi ekki komið til skips. Nafnritun Jóhanns hefur verið staðfest með notarialvottorði. Stefndi hefur mótmælt yfirlýsingunni sem rangri. Getur hún ekki haft sönnunargildi í málinu.

Stefndi mætti ekki til skips, er hann taldist vinnufær, svo sem honum var skylt eftir 59. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Samkvæmt því ber að sýkna áfrýjanda af þeim hluta fjárkröfu stefnda, sem byggð er á því, að honum hafi verið vikið fyrirvaralaust úr skiprúmi. Hins vegar ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 17.658 krónur, sem eru laun fyrir tímabilið frá 18. til 26. maí 1987, en hvorki er ágreiningur um, að hann eigi rétt á launum fyrir það tímabil, né fjárhæð launanna. Dæma ber vexti af þeirri fjárhæð samkvæmt 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Stefndi á sjóveðsrétt í v/b Kristínu, ÁR 101, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eins og málsatvikum er háttað, þykja ekki næg efni til þess að taka að neinu leyti til greina kröfu áfrýjanda um greiðslu á 90.397 krónum úr hendi stefnda.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Þorleifur Guðmundsson, greiði stefnda, Guðmundi G. Einarssyni 17.658 krónur með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1987 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 80.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi á sjóveðsrétt í v/b Kristínu, ÁR 101, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 28. desember 1989.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f.m., er í aðalsök höfðað fyrir auka-
dómþingi Árnassýslu af Guðmundi Einarssyni, nnr. 3055-6070, Auðsholti,
Biskupstungnahreppi, Árnassýslu, gegn Þorleifi Guðmundssyni, nnr. 9691-
6418, Lýsubergi 14, Þorlákshöfn, með stefnu, birtri 31. ágúst 1987.

Aðalstefndi, Þorleifur Guðmundsson, höfðaði gagnsök í málinu með
stefnu, fram lagðri í dóm 7. október 1987.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þessar:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð
214.762 kr., ásamt 33,6% ársvöxtum af 27.466 kr. frá 1. júní 1987 til 1.
júlí sama ár, 36% ársvöxtum af 99.503 kr. frá þeim degi til 1. ágúst sama
ár, 40,8% ársvöxtum af 171.540 kr. frá þeim degi til 1. september sama
ár, 40,8% ársvöxtum af 214.762 kr. frá þeim degi til 9. s.m., en með árs-
vöxtum af sömu fjárhæð samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, frá þeim
degi til greiðsludags.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sam-
kvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts.

3. Að staðfest verði sjóveð í Kristínu, ÁR-101, fyrir ofangreindum
kröfum.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður
af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða
stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 12%
söluskatts. Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði verulega
lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefndi verði
dæmdur til að greiða gagnstefnanda 107.381 kr. með 33,6% ársvöxtum frá
1. júní 1987 til 1. júlí sama ár, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst
sama ár, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, 42%
ársvöxtum frá þeim degi til 1. október sama ár, 43,2% ársvöxtum frá þeim
degi til 7. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25,
1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnstefnandi staðfestingar
á heimild til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól dómkröfu á tólf
mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1988. Loks krefst gagnstefnandi máls-
kostnaðar úr hendi gagnstefnda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ
auk 12% söluskatts.

Af hálfu gagnstefnanda er þess krafist, að kveðinn verði upp sjálfstæður
dómur um allar dómkröfur í gagnsök, en til vara, að dómkröfur í gagnsök
verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök að svo
miklu leyti sem þurfa kann og sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um
afganginn.

Dómkröfur gagnstefnda í gagnsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða gagnstefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 12% sölu-skatts.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að aðalstefnandi, Guðmundur Einarsson, starfaði sem vélstjóri á Kristínu, ÁR-101, sem er 30 brúttórúmlasta fiskiskip, þá í eigu aðalstefnda, Þorleifs Guðmundssonar. Samkvæmt skips-hafnarskrá var aðalstefnandi lögskráður á skipið 11. febrúar 1987 og var þar síðan samfelld til 18. maí sama ár. Þann dag slasaðist hann við vinnu sína um borð í nefndu skipi og kom ekki til starfa þar eftir það. Samkvæmt fram lögðu læknisvottorði var aðalstefnandi óvinnufær af framangreindum ástæðum til 26. maí 1987. Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að á þeim tíma hafi aðalstefndi slitið ráðningarsamningi sínum við aðalstefnanda fyrirvaralaust og án lögmætra ástæðna. Þessu hefur aðalstefndi eindregið mótmælt og kveðst aldrei hafa sagt aðalstefnanda upp störfum, heldur hafi aðalstefnandi hlaupist fyrirvaralaust á brott úr skiprúmi og brugðist alvarlega starfsskyldum sínum. Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru m.a. reistar á ákvæðum 2. mgr. 9. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr. sjómanna-laga nr. 35, 1985, og dómkröfur stefnanda í gagnsök á 2. mgr. 60. gr. sömu laga.

III.

Aðalstefnandi hefur í ódagsettri skýrslu skýrt svo frá m.a.: „Guðmundur var við vinnu um borð í bátnum, þegar hann skar sig í fingur við liðamót. Hann fór til læknis á Heilsugæslustöðinni í Þorlákshöfn, sem deyfði hann og saumaði síðan, líklega 2-3 spor... Eftir u.þ.b. eina klst., þegar deyfingin er farin að fara úr sárinu, er Guðmundi farið að líða mjög illa og það svo, að hann treystir sér ekki til að vera við vinnu... Áður en farið er frá bátnum, fer Guðmundur niður í vélarrúm og athugar með olíu og lensingu o.þ.h. og gengur þannig frá öllu, að vélin gat verið í gangi... Fljótlega eftir að þau hjónin komu heim, hringdi Þorleifur. Hann byrjaði á því að skammast út af því, að vélin var í gangi, en Guðmundur útskýrði ástæðuna og sagði síðan Þorleifi, að hann yrði að fara til læknis daginn eftir, þar sem sársaukinn væri svo mikill. Þorleifur kvaðst þá verða að útvega annan mann í stað Guðmundar, en hann sagði honum þá, að það gæti hann gert fyrir hann, ef hann vildi (Guðmundur hafði þá í huga bróðurson sinn, sem hafði lýst áhuga sínum á að komast í afleysingar), en Þorleifur afþakkaði, þar sem hann gæti útvegað mann sjálfur... Hið næsta, sem gerist, er, að

Þorleifur hringir í Guðmund utan af sjó, líklega 21. maí 1987, og tilkynnir honum, að hann sé búinn að fá annan vélstjóra og að Guðmundur þurfi ekki að koma aftur, þar sem sá vélstjóri verði áfram hjá sér...“

Hér fyrir dómi hefur aðalstefnandi lýst yfir því, að ofangreind skýrsla sé rétt.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að hann eigi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, sem miðist við 18. maí 1987. Aðalstefnandi hafi verið ráðinn og skráður á Kristínu, ÁR-101, án nokkurs fyrirvara eða samkomulags um tímabundna ráðningu. Er í þessu sambandi vísað til 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, sbr. og 1. og 2. mgr. 27. gr. sömu laga. Samkvæmt ákvæðum þessum og dómvenju eigi aðalstefnandi rétt til staðgengilskaups á uppsagnarfrestinum. Dómkröfur hans miðist hins vegar við kauptryggingu, sem sé lágmarkskaup vélstjóra. Kröfu sína um staðfestingu sjóveðsréttar í Kristínu, ÁR-101, reisti aðalstefnandi í upphafi á 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34, 1985. Við munnlegan flutning málsins vísaði aðalstefnandi enn fremur til stuðnings þeirri kröfu sinni til 1. mgr. 199. gr. síðastnefndra laga, þar sem skipið hafði þá verið selt.

Kröfu sína í aðalsök sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1. Kauptrygging 18. maí 1987 til 1. júní s.á.	kr.	24.434
Fast kaup vegna sama tíma	—	497
Orlof 10,17% vegna sama tíma	—	2.535
2. Kauptrygging 1. júní 1987 til 1. júlí s.á.	—	64.084
Fast kaup vegna sama tíma	—	1.303
Orlof 10,17% vegna sama tíma	—	6.650
3. Kauptrygging 1. júlí 1987 til 1. ágúst s.á.	—	64.084
Fast kaup vegna sama tíma	—	1.303
Orlof 10,17% vegna sama tíma	—	6.650
4. Kauptrygging 1. ágúst 1987 til 18. s.m.	—	38.450
Fast kaup vegna sama tíma	—	782
Orlof 10,17% vegna sama tíma	—	3.990
Samtals	kr.	214.762

IV.

Sýknukrafa aðalstefnda er á því reist, að aðalstefnandi hafi sjálfur hlaupist fyrirvaralaust á brott úr starfi, og því sé ekki um bótaskyldu af hálfu aðalstefnda að ræða. Þá sé ósannað, að stefnandi hafi verið óvinnufær með öllu. Fari hins vegar svo, að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að aðalstefndi hafi vikið aðalstefnanda fyrirvaralaust úr starfi, þá er því haldið fram af hálfu aðalstefnda, að sér hafi verið það heimilt vegna van-

rækslu aðalstefnanda í starfi, sbr. 53., 58. og 2. og 3. tl. 24. gr. laga nr. 35, 1985. Aðalstefnandi eigi því ekki rétt á kaupum lengur en hann gegndi starfi sínu, sbr. 24. gr. nefndra laga in fine.

Varakrafa stefnda í aðalsök er á því reist, að aðalstefnandi verði talinn hafa verið óvinnufær frá 18. til 26. maí 1987 og skiprúmssamningi hans verið rift með því, að hann kom eigi til skips, er hann hafi orðið vinnufær að nýju. Hann eigi því hugsanlega rétt til kaups, meðan hann var óvinnufær, samkvæmt fyrirætlum 36. gr. laga nr. 35, 1985, sbr. 24. gr. þeirra in fine.

Í öllum tilvikum er því haldið fram af hálfu stefnda í aðalsök, að laun aðalstefnanda í uppsagnarfresti skuli sæta frádrætti þeirra launa, sem hann aflaði sér annars staðar á sama tíma.

V.

Dómkröfur stefnanda í gagnsök eru á því reistar, að gagnstefndi hafi fyrirvaralaust hlaupist á brott úr starfi vélavarðar á m/b Kristínu, ÁR-101, sem gagnstefnandi eigi og geri út. Gagnstefndi eigi því ekki rétt á bótum úr hendi gagnstefnanda. Miklu fremur sé gagnstefndi bótaskyldur gagnvart gagnstefnanda samkvæmt 2. mgr. 60. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985.

Dómkröfur stefnanda í gagnsök eru miðaðar við laun fyrir hálfan uppsagnarfrest með þeirri sundurliðun, sem fram kemur í stefnu í aðalsök og áður er getið.

Í gagnsök mótmælir gagnstefndi með öllu bótakröfu gagnstefnanda. Í greinargerð sinni í gagnsök heldur gagnstefndi því fram, að af málsgögnum verði ekki dregin önnur ályktun en sú, að gagnstefnda hafi þegar 20. maí 1987 verið sagt upp störfum fyrirvaralaust, annaðhvort í símtali því, sem hann greini frá í málavaxtalýsingu sinni, eða með því, að gagnstefnandi hafi ráðið nýjan vélstjóra ótímabundið í stað gagnstefnda í veikindaförföllum hans.

VI.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslur í máli þessu aðalstefnandi, Guðmundur Einarsson, aðalstefndi, Þorleifur Guðmundsson, og eiginkona hans, Guðrún Stefánsdóttir, Gylfi Haraldsson heilsugæslulæknir, Margrét Jónína Gísladóttir, skrifstofustjóri Vélstjórafélags Íslands, Sigmar Jóhannesson stýrimaður og Ágúst Österby Christiansen háseti.

Í framburði Margrétar Jónínu Gísladóttur kemur fram, að aðalstefnandi hafi leitað aðstoðar Vélstjórafélags Íslands í sömu viku og hann slasaðist og að hann hafi tjáð vitninu, að búið væri að vísa sér úr skiprúmi. Síðan segir vitnið svo frá: „Það, sem ég hef aftur á móti fyrir mér sem staðfestingu á því, það er, þegar þau (aðalstefndi og eiginkona hans) segja mér um vélstjóran, að þau séu búin að ráða vélstjóra, sem vilji ekki skammtímaráðn-

ingu, og þau séu búin að taka því." Þá kemur enn fremur fram hjá vitninu, að í upphafi hafi verið reynt að leysa málið þannig, að aðalstefnandi kæmi til starfa um borð að nýju. Það hafi hins vegar staðið í þjarki gagnvart aðalstefnda. Hann hafi ekki sætt sig við það, hvernig aðalstefnandi hafi skilið við vélina í umrætt sinn, og eftir að ráðinn hafði verið vélstjóri, sem ekki hafi viljað skammtímaráðningu, hafi ekki komið til álita af hálfu aðalstefnda, að aðalstefnandi kæmi um borð aftur.

VII.

Fram lögðu læknisvottorði um óvinnufærni aðalstefnanda tímabilið 18.-26. maí 1987 hefur ekki verið hnekk.

Andstætt því, sem segir í aðilaskýrslu aðalstefnda, hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, að gerður hafi verið tímabundinn ráðningarsamningur við þann vélstjóra, sem tók við starfi aðalstefnanda á umræddu skipi, en samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, skal útgerðarmaður sjá um, að gerður sé skriflegur skiprúmssamningur við skipverja.

Gegn andmælum aðalstefnanda hefur ekkert komið fram við meðferð málsins, sem virða ber á þann veg, að aðalstefnandi hafi sjálfur slitið ráðningarsamningi sínum fyrirvaralaust, en sýknukrafa í aðalsök er m.a. á því reist.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og þegar litið er til framburðar vitnisins Margrétar Jónínu Gísladóttur hér fyrir dómi, þykir verða að leggja til grundvallar þá frásögn aðalstefnanda, að aðalstefndi hafi vísað honum úr skiprúmi fyrirvaralaust, áður en hann varð vinnufær að nýju. Gegn andmælum aðalstefnanda hefur aðalstefndi ekki sannað neinar þær ávirðingar af hálfu aðalstefnanda, sem leitt gætu til þess, að heimilt væri að vísa honum úr skiprúmi fyrirvaralaust og án bóta. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, á aðalstefnandi rétt til óskertra launa þann uppsagnarfrest, sem honum bar. Þar sem ekkert liggur fyrir um það, að ráðningarsamningur aðalstefnanda hafi verið tímabundinn, né heldur, að samið hafi verið um skemmri uppsagnarfrest en greinir í 2. mgr. 9. gr. nefndra laga, ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda þriggja mánaða laun frá 18. maí 1987 að telja, svo sem krafist hefur verið, en enginn tölulegur ágreiningur er með aðilum í máli þessu um umkrafða launafjárhæð. Verður aðalstefndi því dæmdur til að greiða aðalstefnanda 214.762 kr.

Vaxtakrafa aðalstefnanda brýtur ekki gegn ákvæðum vaxtalaga nr. 25, 1987, og hefur ekki sætt andmælum. Verða vextir því eins og í dómsorði greinir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður gagnstefndi sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Málskostnaður verður ákveðinn í einu lagi, bæði í aðalsök og gagnsök, og eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 75.000 krónur, þar með talinn söluskattur.

Með vísan til 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34, 1985, sbr. 1. mgr. 199. gr. sömu laga, á aðalstefnandi sjóveðsrétt í m/b Kristínu, ÁR-101, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist sökum embættisanna dómarans, en hann fékk mál þetta til meðferðar 16. september sl.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Þorleifur Guðmundsson, greiði aðalstefnanda, Guðmundi Einarssyni, 214.762 kr ásamt 33,6% ársvöxtum af 27.466 krónum frá 1. júní 1987 til 1. júlí sama ár, 36% ársvöxtum af 99.503 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 40,8% ársvöxtum af 171.540 kr. frá þeim degi til 1. september sama ár, 40,8% ársvöxtum af 214.762 krónum frá þeim degi til 9. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi, Guðmundur Einarsson, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Þorleifs Guðmundssonar, í gagnsök.

Aðalstefndi, Þorleifur Guðmundsson, greiði aðalstefnanda, Guðmundi Einarssyni, 75.000 krónur í málskostnað, bæði í aðalsök og gagnsök.

Aðalstefnandi á sjóveðsrétt í m/b Kristínu, ÁR-101, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.